



Alþýðusamband Íslands

Til aðildarfélaga ASÍ

Reykjavík, 29. apríl 2011

Efni: Boðað til stofnþings ASÍ-UNG 27. maí 2011

Á ársfundi ASÍ 2010 var ákveðið að stofna til vettvangs fyrir ungt fólk innan aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára. Undirbúningshópur vegna stofnunar ASÍ-UNG hefur á undanförunum vikum verið að störfum og fundað með ungu launafólki vítt og breitt um landið til að fjalla um meginverkefni og skipulagi ASÍ-UNG í aðdraganda stofnþings.

Með bréfi þessu er boðað til stofnþings ASÍ-UNG föstudaginn 27. maí nk. í sal Rafiðnaðarskólans að Stórhöfða 27.

Skv. 29. gr. laga ASÍ hefur hvert aðildarfélag ASÍ rétt til að senda **einn** fulltrúa á þing ASÍ-UNG.

Þess er óskað að aðildarfélögin **tilnefni fulltrúa og varafulltrúa á stofnþing ASÍ-UNG**. Fulltrúar aðildarfélaga skulu vera fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum sínum og á aldrinum 18-35 ára miðað við fæðingarár.

Þess er óskað að aðildarfélög ASÍ sendi inn tilnefningar sínar eigi síðar en **þriðjudaginn 10. maí nk.** á netfangið asta@asi.is.

Tillaga að samþykktum og þingsköpum ASÍ-UNG

Með þingboði þessu fylgir annars vegar tillaga að samþykktum og hins vegar tillaga að þingsköpum ASÍ-UNG sem unnar hafa verið af hálfu undirbúningshóps ASÍ-UNG í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið á fundum með ungu launafólki í aðildarfélögum ASÍ.

Aðildarfélög ASÍ geta sent inn athugasemdir sínar og tillögur til breytinga á samþykktum og þingsköpum **eigi síðar en 10. maí nk.** og mun undirbúningshópur ASÍ-UNG senda öllum aðildarfélögum þær tillögur ásamt greinargerð sinni um þær

eigi síðar en viku fyrir stofnþing. Tillögur til breytinga skulu sendar á netfangið dalla@asi.is.

Dagskrá

Með fundarboði þessu fylgja ennfremur drög að dagskrá stofnþings en endanleg dagskrá, ásamt umræðuskjölum verður send fulltrúum aðildarfélaga um miðjan maímánuð.

Fyrirhugað er að á dagskrá fundarins verði, auk afgreiðslu samþykktu fyrir ASÍ-UNG og þingskapa, starfað í vinnuhópum þar sem fjallað verður um þau mál sem lögð hefur verið hvað mest áhersla á af hálfu ungs launafólks á undirbúningsfundunum. Í vinnuhópunum verður stuðst við „miðlunaraðferðina“ en vinnuhóparnir munu vinna drög að ályktunum á grundvelli þeirra tillagna sem þannig fást.

Þá verða ennfremur fræðsluerindi á dagskrá stofnþingsins en fram hefur komið ríkur vilji til þess, á undirbúningsfundunum, að meðal dagskrárliða á þingum ASÍ-UNG verði fræðsla fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á að taka þátt í störfum verkalýðshreyfingarinnar.

Hádegisverður og fagnaður

Ákveðið hefur verið að gefa þingfulltrúum kost á hádegisverði og efna til fagnaðar að afloknu stofnþingi í sal Rafiðnaðarskólanum.

Þegar nær dregur verða sendar út frekari upplýsingar um verð á hádegisverði og fagnaði.

Ferðakostnaður og gisting

Um greiðslu kostnaðar vegna þingfulltrúa fer samkvæmt reglugerð ASÍ um það efni.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim þætti sem fyrst. Af hálfu ASÍ var óskað tilboðs frá Fosshótel Lind um verð á gistingu fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Þegar pantað er skal vísa í „tilboð vegna stofnþings ASÍ-UNG“.

Fosshótel Lind (sími: 562 3350) - Eins manns herbergi: Kr. 15.000 með morgunverði

Frekari upplýsingar

Á heimasíðu ASÍ, www.asi.is, verður settur sérstakur hnappur „ASÍ-UNG“ þar sem hægt verður að nálgast gögnin fyrir stofnþingið.

Með félagskveðjum,

Gylfi Arnbjörnsson

Forseti ASÍ

Hjálagt fylgja:

Tillaga að samþykktum ASÍ-UNG

Tillaga að þingsköpum ASÍ-UNG

Drög að dagskrá stofnþings ASÍ-UNG